

AUGLÝSING

um afgreiðslu bæjarstjórnar Kópavogsbæjar á tillögum að breyttu deiliskipulagi.

Dalvegur 18. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 27. júní 2023 breytingu á deiliskipulagi Dalvegur fyrir Dalveg 18. Í breytingunni felst hækkun byggingar á matshluta 02 á lóðinni úr tveimur hæðum í þrjár hæðir. Byggingarmagn á lóðinni eykst um 1.120 m² og verður alls 10.210 m². Nýtingarhlutfall á lóðinni verður 0,51.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Urðarhvarf 10. Breytt deiliskipulag.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti bæjarstjórn Kópavogs 14. mars 2023 breytingu á deiliskipulaginu Vatnsendahvarf – athafnasvæði fyrir lóðina Urðarhvarf 10. Í breytingunni felst aukning á byggingarmagni á lóð úr 3.800 m² í 5.900 m² þar af um 2.200 m² í kjallara. Nýtingarhlutfall eykst úr 0,65 í 1,0. Ytri byggingarreitur breytist og færist til vesturs um 3 metra vegna stoðveggjar sem þegar hefur verið byggður á lóðamörkum Urðarhvarfs 8 og 10. Byggingarreitur kjallara stækkar til suðurs og verður að hluta til á tveimur hæðum. Gert er ráð fyrir 134 stæðum á lóð þar af 34 stæðum í niðurgrafinni bílageymslu. Gert verður ráð fyrir 40 reiðhjólstæðum á lóð og þar af verði helmingurinn í lokuðu rými í kjallara eða á lóð. Klæðning og byggingarefni verði umhverfisvottuð.

Málsmeðferð var skv. 1. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um.

Skipulagið öðlast þegar gildi.

Kópavogi, 18. ágúst 2023.

Auður Dagný Kristinsdóttir skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 1. september 2023